

Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

1. gr.

Heimild

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjöld skv. 2.-4. gr. taka breytingum skv. vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í upphafi hvers árs.

2. gr.

Sorphirðugjald

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni.

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	14.720 kr.	4.910 kr.	4.910 kr.	4.910 kr.
660 l ílát	44.180 kr.	14.720 kr.	14.720 kr.	
120 l ílát				2.450 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er kr. **24.540** og inniheldur 240l blátunnu, 240l grátunnu, 240l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

3. gr.

Sorpeyðingargjald

Innheimta skal sorpeyðingargjald kr. **22.470** af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda-, og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Úrgangstegund	Kr. kg. m. vsk
Blandaður heimilisúrgangur	37,03
Grófur úrgangur óflokkaður	50,9
Grófur úrgangur flokkaður	18,4
Timbur hreint	6
Timbur litað	18

Garðaúrgangur	3,4
Trjábólir og greinar	5,7
Heyrúlluplast	0
Hjólbarðar	0
Umbúðir úr bylgjupappa	0
Raftæki	0
Dýrarhæ og sláturúrgangur	31
Óvirkur úrgangur	3,4
Lífrænn úrgangur	0
Óflokkaður pappi	19,3
Spilliefni*	0
Heimsendur gámur, flokkaður*	31.000 kr

*Heimilt er að innheimta útlagðan förgunarkostnað sem hlýst af móttöku spilliefna.

*Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd og tegund innihaldsins. Heimsendir gámar eru einungis fyrir íbúa í Rangárvallasýslu.

*Heimili í Rangárvallasýslu mega þó skila að hámarki 1m³ á dag án greiðslu.

5. gr.

Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. þann 19.11.2020 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1296/2019

Strönd, 19.11.2020

Ágúst Sigurðsson,

Formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.